

Alþingi
Erindi nr. P 139/613
komudagur 2.12.2010 9/6



Innheimtustofnun
sveitarfélaga

Viðskiptanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Rvík. 30.11.2010.

Efni: frumvarp til laga um úttekt á fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja. Þskj. 269, 238. mál.

Með tölvup., dags. 25. nóv. 2010 óskaði viðskiptanefnd Alþingis þess að Innheimtustofnun sveitarfélaga (IS) veitti umsögn um frumvarp til laga um fjárhagsstöðu heimila og fyrirtækja, sbr. þskj. 269, 238. mál.

Í upphafi vill IS koma á framfæri að stofnunin fagnar framkomnu frumvarpi og telur markmið þess gott í þeirri viðleitni að rannsaka hag almennings og fyrirtækja í landinu. IS vill koma á framfæri eftirfarandi upplýsingum og ábendingum í kjölfar beiðninnar.

9. tl. 2. gr. frumvarps þessa tiltekur að ráðherra sé heimilt að safna gögnum sem innihalda upplýsingar um meðlagsskuldir og innheimtu þeirra. IS innheimtir á landsvísu fyrirframgreidd meðlög og sérstök framlög skv. barnalögum er Tryggingastofnun ríkisins (TR) hefur greitt út. Samkvæmt upplýsingum frá rekstraraðila tölvukerfis IS er það ekki vandkvæðum bundið að veita allar tæknilegar upplýsingar um meðlagsskuldir einstaklinga, þó enn sé óafmarkað hvers eðlis upplýsingarnar eru eða í hvaða magni. Þar gæti komið til upphæð skuldar, hve mikið fellur til mánaðarlega, stöðu dráttarvaxta, fjölda barna o.fl. Skv. ákvæðum 5. gr. I. nr. 54/1971 hefur IS víðtækar heimildir til samþykktar ýmiss konar ívilnana til handa meðlagsgreiðendum, að undangengnu mati á félagslegum og fjárhagslegum aðstæðum viðkomandi og fjölskyldu hans. Slíkt getur t.d. falist í lágum mánaðarlegum greiðslum, niðurfellingu dráttarvaxta og eftir atvikum höfuðstóls. Slíkar samþykktar geta varað í allt að 3 ár. Þær upplýsingar geta haft veruleg áhrif á stöðu viðkomandi meðlagsgreiðanda. Meginþorri viðskiptavina IS eru einstaklingar. Innheimtumál á hendur lögaðilum eru til staðar í litlum mæli, vegna ákvæða um skyldur atvinnurekanda til afdráttar af launum launþega. Stofnunin gerir ráð fyrir að huga verði að þeim hóp einnig varðandi almenna upplýsingagjöf og ætti slíkt ekki að vera vandkvæðum bundið. Slík innheimtumál eru í umsjón lögfræðinga IS og eru geymd í innheimtugerfi lögmanna.


Til upplýsingar vill IS benda á í þessu sambandi að þegar safnað er upplýsingum um útgreiðslu bóta frá TR, skv. 7. tl. 2. gr. frumvarpsins þessa þá er þeim barnalífeyri sem viðkomandi á rétt á skuldajafnað við áfallandi meðlög þess mánaðar, sbr. 4. mgr. 64. gr. I. nr. 100/2007. Barnalífeyririnn gengur því ekki til hins meðlagsskylda í þeim tilvikum heldur til IS.

Einnig er vert að skoða samhengisins vegna hvort ekki sér rétt að liggi fyrir upplýsingar um fjárhæðir þær sem greiðast mánaðarlega til meðlagssmóttakenda, þ.e. þess hóps sem fær fyrirframgreiðslu meðlags frá TR og um hversu háar fjárhæðir er að ræða. Þar sem fyrirframgreiðsla meðlags telst ekki til bóta almannatrygginga getur 7. tl. 2. mgr. frumvarpsins ekki átt við hér. Því yrði annaðhvort að breyta ákvæðum 9. tl. 2. gr. og fela IS að veita einnig upplýsingar um meðlagssmóttakendur eða, sem nærtækast er, að breyta 7. tl. 2. mgr. frumvarpsins þannig að hann taki einnig til fyrirframgreiðslu meðlags af hálfu Tryggingastofnunar.

Að öðru leyti hefur IS ekki frekari athugasemdir varðandi efni frumvarpsins.

Virðingarfyllt

f.h. Innheimtustofnunar sveitarfélaga



Guðmundur Þór Bjarnason hdl.

Samrit sent:

Guðjon@samband.is

nefndasvið@althingi.is